

Hvíldardagurinn – tákn Guðs um trú

Eins og við höfum nú þegar lært fæst frelsunin aðeins fyrir Jesú Krist. Fullkomið réttlæti Jesú verður okkar aðeins fyrir trú á hann. Guð hefur gefið okkur sérstakt tákn sem endurspeglar ekki einungis hann sem skaparann heldur einnig sérstakt samband hans við okkur. Í þessu námsefni rannsökum við hvað Biblían hefur að segja um þetta mikilvæga efni.

1. Af hverju blessaði Guð sjöunda daginn og helgaði hann? 1 Mósebók 2.1-3

Ath. Guð blessaði sjöunda daginn svo að hann yrði sköpuðum verum sínum til blessunar, síðan helgaði Guð hann. Með öðrum orðum, Guð lýsti því yfir að sjöundi dagurinn væri sérstakur dagur sem sífellt minnti á uppruna mannsins, rætur hans. Guð skapaði heiminn á sex dögum og hvíldist síðan sjöunda daginn. Athugið að á þessum tíma var Gyðingaþjóðin ekki enn orðin til. Guð skapaði allt mannkynið á þessum tíma.

2. Hvaða dag var maðurinn skapaður? 1 Mósebók 1.26-31 _____

Ath. Guð skapaði allt áður en að hann skapaði manninn. Sköpunarverkið var gjöf Guðs til Adams. Adam fagnaði með Guði yfir sköpuninni með því að hvílast og halda þennan dag heilagan. Adam aðstoðaði ekki Guð við sköpunina. Samt sem áður fögnuðu þeir saman með því að hvílast sjöunda daginn. Athugið að þetta var sjöundi dagur Guðs en fyrsti dagur mannsins. Maðurinn hóf tilveru sína á því að hvílast í fullkominni og heilagri gjöf, sköpunarverki Guðs.

3. Hvaða gildi hefur hvíldardagurinn í sköpunarverki Guðs? 2 Mósebók 20.8-11

4. Breytir Guð einhvern tíma lögum sínum eða sáttmálum? Sálmarir 89.35

5. Breytti Jesús einhvern tíma lögum Guðs? Matteus 5.17-18

6. Fyrir hvern var hvíldardagurinn skapaður samkvæmt Jesú? Markús 2.27 _____

7. Hvert var samband Jesú við hvíldardaginn? Matteus 12.8

8. Hvaða dag dó Jesús fyrir okkur? Lúkas 23.52-56 _____

19-2

Ath. Jesús dó á „aðfangadeginum“ sem er vanalega kallaður „föstudagurinn langi“. Jesús fullkomnaði frelsun okkar, sem var fullgert og fullkomnað verk, á sjötta deginum, alveg eins og Guð skapari okkar fullkomnaði sköpunina fyrir okkur á sjötta deginum.

9. Hvaða dag reis Jesús upp? Jóhannes 20.1-2 _____

Ath. Jesús reis upp á fyrsta degi eða á „páskadegi“. Eins og Guð hvíldist sjöunda daginn eftir fullkomnað verk sköpunarinnar, þannig hvíldist Guð sem Jesús enn aftur eftir fullkomnað verk frelsunarinnar. Á sama hátt og Guð gaf okkur sköpunina gefur Guð okkur frelsunina og við áttum engan þátt í að aðstoða Guð, hvorki við sköpunina né frelsunina.

10. Hvaða dag kallar Biblían hvíldardag? Lúkas 23.54; 24.1 _____

11. Hvenær byrjar hvíldardagurinn samkvæmt Biblíunni?

1 Mósebók 1.5, 8, 13, 19, 23, 31; 3 Mósebók 23.32

Ath. Samkvæmt Guði eru kvöld og morgundagurinn á eftir einn dagur. Við sólarlag hefst nýr dagur hjá Guði. Þess vegna hefst hvíldardagurinn við sólarlag á föstudagskvöldi og lýkur við sólarlag á laugardagskvöldi.

12. Hvað gefur hvíldardagshelgihald einnig til kynna samkvæmt Biblíunni?

Esekíel 20.11-12, 19- 20

13. Hvað vildi Guð að við kölluðum hvíldardaginn? Jesaja 58.13-14 _____

14. Hélt Jesús hvíldardaginn heilagan? Lúkas 4.16 _____

15. Hvað með eftir dauða Jesú? Hvaða dag héldu lærisveinarnir heilagan?

Postulasagan 13.42-44

Ath. Dagurinn sem var hvíldardagur við sköpunina er sá sami og við köllum hvíldardag í dag. Hvaða dagatal sem er staðfestir að laugardagurinn sé sjöundi dagur vikunnar. Hvaða uppsláttarbók sem er segir að laugardagurinn sé sjöundi dagur vikunnar. Ef hvíldardagurinn hefði glatast á tímabilinu frá Móse til Jesú hefði Kristur svo sannarlega leiðrétt það. (Sjá meðfylgjandi bréf frá Royal Greenwich stjörnuathugunarstöðinni)

16. Reiknaði Jesús með því að fylgjendur hans myndu halda áfram að halda hvíldardaginn eftir dauða sinn? Matteus 24.20

19-3

Ath. Ef Guð hefði breytt degi tilbeiðslunnar frá hvíldardegi yfir á sunnudag, hvers vegna hafði hann þá áhyggjur af hvíldardeginum 40 árum eftir dauða sinn þegar Jerúsalem var í eyði lögð?

17. Hvernig byrjuðum við að tilbiðja á sunnudegi í staðinn fyrir á laugardegi?

Konstantínus mikli sem var keisari í Róm sameinaðist kirkjunni og varð biskup. Hann setti lög sem fyrirskipuðu sunnudagshelgihald árið 321.

Ath. Fyrstu ummerki um lögleiðingu sunnudagshelgihalds er að finna í stjórnskipun frá Konstantín árið 321 sem lögleiddi að allir dómssalir, bæjaríbúar og verkstæði ættu að hvílast á sunnudegi, með undanþágu fyrir þá sem stunduðu landbúnaðarstörf.

Encyclopedia Britannica 11 útgáfa, „Sunnudagur“

*Seinna voru settar aðrar reglugerðir fyrir atbeina manna. Í dag gera flestir sér ekki grein fyrir því að þeir eru að fylgja mannalögum sem sett voru á fjórðu öld. Er nokkur furða að Guð hafi sagt: „**Minnstu þess að halda hvíldardaginn**“?*

18. Er hvíldardagurinn okkur til blessunar í dag? Hebreabréfið 4.9-11 _____

Ath. Hebreska orðið sabbat er þýtt sem „hvíld“. Þegar við göngum inn í hvíld Guðs í trú styrkjum við það samband með því að halda sjöunda dag Guðs heilagan.

19. Hvað býður Jesús okkur að gera ef við elskum hann? Jóhannes 14.15

Samantekt: Hvíldardagurinn er tákn fyrir fólk Guðs, að það viti að það er hann sem helgar það. Hann er ekki einungis skapari þeirra heldur einnig frelsari. Við hvílumst í fullkomnu verki Guðs sem hann hefur gert fyrir okkur. Guð breytti ekki fjórða boðorðinu. Þvert á móti segir hann: „Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.“ Hann vill verja sérstökum tíma með okkur í hverri viku til að dýpka kærleikssamband sitt við okkur. Hann þráir að vera frelsari okkar og vinur.

Svör við nr. 19

Spurning 1 – Hann lauk verki sínu og hvíldist sjöunda daginn

Spurning 2 – Sjötta daginn

Spurning 3 – Hvíldardagurinn er minnismarki um sköpun Guðs

Spurning 4 – Nei

Spurning 5 – Nei

Spurning 6 – Manninn

Spurning 7 – Hann er herra hvíldardagsins

Spurning 8 – Á föstudegi

Spurning 9 – Á sunnudegi

Spurning 10 – Laugardaginn

Spurning 11 – Við sólarlag

Spurning 12 – Að það er Guð einn sem helgar okkur

Spurning 13 – Feginsdag

Spurning 14 – Já

Spurning 15 – Lærisveinarnir héldu laugardaginn, hvíldardaginn heilagan

Spurning 16 – Já

Spurning 17 – [sjá skýringablað]

Spurning 18 – já

Spurning 19 – Þá munum við halda boðorð hans